



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**8. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í safnaðarheimili Kársnessafnaðar, Hábraut 1a, Kópavogi,
mánudaginn 19. júní 2023
og hófst hann kl. 11:30.**

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Dagur B. Eggertsson, Lovísa Jónsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Einar Þorsteinsson, Alexandra Briem, Regína Ásvaldsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Regína Ásvaldsdóttir, annar formanna Stefnuráðs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Stefnuráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003

Á 7. fundi Stefnuráðs byggðasamlaganna var ákveðið að skipa starfshóp sem m.a. var falið að greina verkefni og skyldur sveitarfélaganna í málaflokknum og gera, á grundvelli þeirrar vinnu, tillögur að sameiginlegum samþykktum og gjaldskrár sveitarfélaganna.

Guðmundur B. Friðriksson formaður starfshópsins kynnti frumniðurstöður starfshópsins og tillögur hans um framhald vinnunar.

Eins og kynnt var á síðasta fundi Stefnuráðs er í gangi stefnumótunarvinna á vegum stjórnar Sorpu bs. og kynnti Valdimar Víðisson formaður stjórnar Sorpu bs. þá vinnu, en frekari gögn um þá vinnu verða send á næstu vikum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH stýrði umræðum. Til máls tóku Lovísa Jónsdóttir, Alexandra Briem, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Jón Viggó Gunnarsson, Björg Fenger, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Regína Ásvaldsdóttir, Guðmundur B. Friðriksson, Almar Guðmundsson, Þorkell Sigurlaugsson, Dagur B. Eggertsson og Þór Sigurgeirsson.

Gerð er tillaga um að SSH verði falið að vinna úr þeim tillögum sem nú liggja fyrir, og vinna áfram með starfshópi við áframhaldandi vinnu, en samkvæmt erindisbréfi hópsins er gert ráð fyrir að endanlegar niðurstöður, að því er varðar ábendingar vegna stefnusáttmála og drög að sameiginlegum samþykktum og gjaldskrár, verði kynntar stefnuráði í haust. SSH verði falið að vinna nánar úr niðurstöðum framangreindrar vinnu og leggja tillögur um framtíðarfyrirkomulag fyrir stefnuráð til umræðu og afgreiðslu á haustmánuðum.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Jón Viggó Gunnarsson

Guðmundur B. Friðriksson

Gunnar Dofri Ólafsson

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi tillaga um fyrirkomulag áframhaldandi vinnu er samþykkt.

2. Stefnuráð - Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu - 2209004

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir stöðu viðræðna varðandi endurskoðun samkomulags við ríkið um almenningssamgöngur.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.